

AUGLÝSING

um staðfestingu gjaldskrár Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Hér með tilkynnist að heilbrigðisráðherra hefur staðfest meðfylgjandi gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Gjaldskráin öðlast gildi 15. september 2010 samkvæmt reglugerð nr. 698/2010, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, sbr. 2. mgr. 38. gr. laga um sjúkratryggingar, og gildir til 31. desember 2010.

Heilbrigðisráðuneytinu, 10. september 2010.

Guðbjartur Hannesson.

Guðriður Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal.

Gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Með breytingum 1. janúar 2012

1. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða, að hluta eða öllu leyti, kostnað samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þeirra tannlækninga, þ.m.t. tannréttinga, sem sjúkratryggingar taka þátt í samkvæmt reglugerð nr. 698/2010, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, og þeirra tannlækninga sem slysatryggingar taka þátt í skv. IV. kafla laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, enda hafi ekki verið um þær samið skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

2. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað vegna tannlækninga, sbr. 4. gr., í þeim hlutföllum sem tilgreind eru í reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, d-lið 1. mgr. 32. gr. laga um almannatryggingar, og reglugerð nr. 541/2002, um endurgreiðslu slysatrygginga á nauðsynlegum kostnaði vegna sjúkrahjálpar. Skilyrði er að framvísað sé reikningum vegna viðkomandi meðferðar sem eru jafnháir eða hærri en samsvarar endurgreiðslum samkvæmt gjaldskrá þessari. Ef reikningur er lægri skal endurgreiðslan reiknuð af verði tannlæknis á sama hátt.

3. gr.

Endurgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands vegna fastra tanngerva og tannplanta framan við endajaxla, sbr. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar miðast við kostnað allt að kr. 80.000 á hverju almanaksári, enda hafi meðferðin farið fram á sama almanaksári. Þannig er endurgreiðsla vegna einstaklings sem ekki fær tekjutryggingu, sbr. 4. tölul. 5. gr. reglugerðarinnar, allt að kr. 40.000, vegna einstaklings sem fær tekjutryggingu, sbr. 3. tölul. 5. gr., allt að kr. 60.000 og vegna einstaklings sem er langsjúkur á sjúkrahúsi, hjúkrunarheimili eða hjúkr-unarrými, sbr. 1. tölul. 5. gr., allt að kr. 80.000.

Endurgreiðsla á umtalsverðum tannlækniskostnaði vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma, sbr. 13. gr. reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, takmarkast við 75% eigin kostnaðar umfram kr. 40.000 á hverju almanaksári.

4. gr.

Gjaldskrá:

Gjaldnúmer	Heiti verks	Verð (kr.)
	Tannlækningar aðrar en tannréttingar:	
	Skoðun.	
001	Viðtal	1.780
002	Bráðahjálp	1.780
003	Skoðun nýs sjúklings	2.660
004	Áfangaeftirlit	1.780
005	Tilvísun	880
006	Umsókn eða áverkavottorð til Sjúkratrygginga Íslands	1.430
007	Greinargerð að ósk Sjúkratrygginga Íslands	2.850
011	Röntgenmynd	1.020
012	Röntgenbitmynd (Bite-Wing)	1.020
013	Heildarröntgen, 10 eða fleiri smámyndir	7.590
018	Röntgenstórmynd (OPG o.þ.h.)	2.040
024	Ljósmynd	290
025	Vinumódel	1.780
030	Yfirborðsdeyfing	420
031	Deyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna	620
032	Svæðisdeyfing	1.040
035	Glaðloft og sefjun með lyfjagjöf	1.780
040	Atferlismeðferð	1.780
052	Vefjasýni og aðrar rannsóknir	4.440
056	Munnvatnsmæling og rannsókn með greinargerð til Sjúkratrygginga Íslands	10.670
060	Vitjun	3.560
090	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
	Forvarnir.	
101	Bein fræðsla, leiðbeiningar	1.780
104	Tannsteinshreinsun	1.780
107	Gómglaera / lyfjahald	6.140
110	Flúormeðferð barna, báðir gómar	2.810
112	Flúormeðferð einstakra tanna	880
115	Skorufylla fullorðinsbakjaxla	2.330
116	Skorufylla annarra tanna en fullorðinsbakjaxla	1.900
118	Flúormeðferð áhættueinstaklinga	2.810
190	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
	Fyllingar.	
201	Tannlit fylling, 1 flötur	5.390
212	Tannlit fylling, 2 fletir	6.850
213	Tannlit fylling, 3 fletir	7.460
214	Tannlit fylling, 4 eða fleiri fletir	8.030
231	Amalgamfylling, 1 flötur	5.190
232	Amalgamfylling, 2 fletir	6.850
233	Amalgamfylling, 3 fletir	7.460
235	Amalgamkróna, 4 eða fleiri fletir	8.030
245	Bráðabirgðafylling	1.900
250	Rýmishaldari	3.560
251	Spelkun tanna	7.110

Gjaldnúmer	Heiti verks	Verð (kr.)
257	Stifti	2.170
258	Stál- eða plastkróna	6.380
260	Gúmmídúkur	620
290	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Rótfyllingar.		
301	Kvikubekja	5.340
306	Kvika barnatannar fjarlægð og felld (formocresolmeðferð)	8.000
308	Rótarendaörvun með Ca(OH) ₂	6.220
310	Fyrsta úthreinsun rótar, 1 gangur, sérstök heimsókn	6.220
311	Fyrsta úthreinsun rótar, 2 gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn	7.110
312	Fyrsta úthreinsun rótar, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn	9.780
315	Útvíkkun á einum rótagangi, sérstök heimsókn	4.440
316	Útvíkkun á tveimur rótagöngum í sömu tönn, sérstök heimsókn	5.340
317	Útvíkkun á 3 eða fleiri rótagöngum í sömu tönn, sérstök heimsókn	7.110
319	Gömul rótfylling fjarlægð og útvíkkun, hver gangur	3.560
320	Rótfylling, 1 gangur, sérstök heimsókn	6.220
321	Rótfylling, 2 gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn	7.110
322	Rótfylling, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn	9.780
325	Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 1 gangur	9.780
326	Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 2 gangar í sömu tönn	12.450
327	Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn	16.010
390	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Tannvegslækningar.		
406	Djúphreinsun og rótarheflun tanna með ≥ 5 mm poka, fjórðungur	8.890
420	Flipaáðgerð án beinmótunar og sambærilegar aðgerðir, fjórðungur	29.430
422	Flipaáðgerð, ein tönn og aðrar sambærilegar minniháttar aðgerðir	8.890
427	Tannholdsskurður, tannholdsmótun, fjórðungur munns	13.000
428	Tannholdsskurður, tannholdsmótun, ein tönn	4.440
453	Tannholdsgreðlingur	15.700
457	Beinmótun, fjórðungur munns	4.990
490	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Munn- og kjálkaskurðlækningar.		
500	Hæg tönn dregin, hver tönn	2.230
501	Úrdráttur tannar með fulla beinfestu, 1. tönn	4.440
502	Viðbótartönn í sama fjórðungi munns sbr. #501	1.780
510	Tönn fjarlægð með skurðaðgerð	10.670
524	Opnað inn á beinlæga tönn og tylla v. tannréttinga fest á hana	12.450
526	Rótarendaáðgerð (rótarstytting)	14.230
528	Fylling í rótarenda samfara aðgerð #526	5.190
530	Endurfesta brottfallinnar tannar eða tanna	14.230
536	Tannkími eða tönn plantað í nýtt tannstæði	14.230
542	Skorið á tungu- eða vararhaft	7.110
545	Beinaðgerðir (torus- eða tuberaðgerðir og aðrar sambærilegar aðgerðir)	12.450
555	Æxli hreinsað út	14.230
557	Ísetning eins tannplanta	62.400
558	Ísetning hvers viðbótartannplanta	31.200
570	Vefur saumaður	2.230
576	Meðferð fyrir og eftir kjálkafærsluaðgerð	26.680

Gjaldnúmer	Heiti verks	Verð (kr.)
580	Stungið á kýli	3.560
590	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Krónu- og brúargerð.		
614	Gull- eða postulínskrónur, innlegg eða hlutakrónur	50.020
632	Steypt rótarstifti án smellufestinga, undir ásetugóm	31.200
634	Steypt rótarstifti með smellufestingum, undir ásetugóm	37.440
650	Uppbygging undir krónu	12.480
655	Milliliður eða svifliður	30.780
660	Ætufest steipt (bráðabirgða)brú	27.660
680	Plantakróna	50.020
690	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Heilgóma- og partagerð.		
701	Stakur heilgómur	57.200
702	Heilgómasett	113.150
703	Sáragómur	62.400
704	Ásetugómur	62.400
711	Bráðabirgðapartur með 1-6 tönnum	25.060
712	Bráðabirgðapartur með 7-12 tönnum	30.470
713	Stálpartur með einni eða fleiri tönnum	83.200
715	Heilgómur á tannplanta	109.200
716	Heilgómasett á tannplanta í báðum gómum	171.600
721	Fóðrun góms eða parts (relining)	21.630
722	Fóðrun góms eða parts (rebasing)	24.960
723	Bráðabirgðafóðrun góms	7.110
729	Stækkun á plastparti um eina eða fleiri tennur	9.330
731	Stækkun á stálparti um eina eða fleiri tennur	9.330
733	Varanleg mjúkfóðrun	12.380
736	Viðgerð á stálparti	11.390
740	Fóðrun plantagóms	28.590
742	Laus tanngervi merkt með kennitölu	3.560
744	Lagfæringar á lausum tanngervum vegna særinda í slímhúð	1.780
760	Viðgerð á lausum tanngervum úr plasti	9.330
790	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Bitlækningar og bittæki.		
921	Gnistursplata, bithækkunarplata	12.270
922	Hörð bitspelka	28.080
923	Mjúk bithlíf	12.270
926	Bitslípun	2.660
932	Þvingunarbits- eða krossbitsplataplata	28.080
Tannréttingar:		
801	Viðtal	1.780
802	Fræðsla	1.780
803	Fyrsta skoðun	2.660
804	Áfangaeftirlit	1.780
806	Umsókn	1.430
807	Greinargerð að ósk SÍ	2.850

811	Módel (Bitmódel, slípað í bit)	5.580
812	Módelgreining	4.940
813	Röntgen- eða vaxtargreining	6.300
814	Aðrar röntgenmyndir (TMJ, occlusal, handarröntgen)	2.030
815	Gleikkun (separation)	1.360
816	Röntgensmámynd	1.020
817	Prófilröntgen/PA	2.030
818	Röntgenstórmynd (OPG o.þ.h.)	2.040
819	Heildarröntgenmyndataka, a.m.k. 10 smámyndir	7.590
820	Stálband á framjaxl, augntönn eða framtönn	2.230
821	Jaxlaband	3.180
824	Ljósmynd	290
825	Spor	2.680
826	Viðbótarspor	2.110
827	Hnappur, kló, krókur, auga	2.110
828	Rör/lokaspor	2.680
829	Postulínsæting	1.360
830	Bogi (labial)	3.760
831	Eðalbogi	4.470
832	Kantbogi	5.450
833	Eðalkantbogi	6.560
834	Lykkja	610
835	Spunninn bogi	3.760
836	Utanbogi	4.360
837	Innanbogi	5.700
838	Vararbogi	6.450
839	Skammbogi	2.720
840	Hálsbeisli	5.200
841	Hnakkabeisli með spora	5.360
842	Hvirfilbeisli	5.900
843	Framtogsbeisli	11.160
844	Öryggislásar á beisli	2.230
845	Hökukappi	6.600
850	Teygjukeðja	1.130
851	Vírhnýti, hvor bogi	1.130
852	Teygjunýti, hvor bogi	610
853	Gormur	600
854	Bogakrókur	610
855	Fjöður	1.360
856	Rennibogi	1.940
857	Fleygur	600
860	Vinumódel	1.780
861	Gómplata	8.710
862	Plötukrókur	890
863	Klemma	1.430
864	Plötubogi	2.440
865	Undirbitsbogi	2.650
866	Plötufjöður	1.740
867	Þanskrúfa	3.070
868	Blokk	24.130

871	Bogahitun	620
872	Bogastilling	2.680
873	Aðlögun á beisli/plötu	2.440
874	Viðgerð á plötu með plasti	2.590
875	Lóðning	1.490
876	Rafhreinsun	900
877	Endurlíming	1.400
878	Hreinsun á lími	1.400
879	Breyting eða lagfæring á bandi	1.400
881	Brottnám fastra tækja, hvor gómur	1.490
882	Stoðbogi	6.190
883	Mjúk blokk	32.230
884	Slípun	1.400
885	Bitslípun	1.400
886	Stoðbogi (óbein aðferð)	12.370
887	Skæni	6.190
888	Rýmishaldari	3.560

5. gr.

Fyrir meðferð, sem unnin er af viðurkenndum sérfræðingi í einhverri af eftirtöldum sérgreinum, er heimilt að endurgreiða allt að 20% hærra gjald, sbr. 4. gr., fyrir þá gjaldliði sem tilteknir eru við viðeigandi sérgrein:

Barnatannlækningar: Allir gjaldliðir þegar tryggður sjúklingur er barn að aldri eða andlega þroskahamlaður.

Bitlækningar: # 001-052, 060-090, 101, 921-990.

Lyflækningar munnhols: # 001-090, 101-190, 580.

Munn- og kjálkaskurðlækningar: # 001-052, 060-090, 101, 245, 250, 251, 301, 453, 457, 500-590.

Myndgreining munns og kjálka: # 001-018.

Samfélagstannlækningar: # 001-052, 060-090, 101-190.

Tann- og munnngervalækningar: # 001-052, 060-090, 101, 250, 251, 257, 258, 614-690, 701-790, 921, 926, 990.

Tannfylling og tannsjúkdómalækningar: # 001-052, 060-090, 101-190, 201-290, 301, 306, 614, 650, 660.

Tannveglækningar: # 001-052, 060-090, 101, 104, 251, 406-490, 542-555, 557, 558, 570, 580.

Tannholslækningar: # 001-052, 060-090, 101, 251, 301-390, 526, 528, 530, 570, 580.

Tannréttingar: # 801-888.

Öldrunartannlækningar: Allir gjaldliðir þegar tryggður sjúklingur er 67 ára og eldri eða langsjúkur á sjúkrahúsi, hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými.

6. gr.

Við beitingu á gjaldskrárliðum skal farið eftir eftirfarandi gjaldskrárskýringum:

Skoðun.

001 Viðtal. Sjúklingi veitt viðtal, munnleg ráðgjöf og skoðun á stofu. Almennt innifalið í öðrum gjaldliðum. Endurgreiðist þegar sjúklingur kemur eingöngu í viðtal um tannvanda sinn eða, í undantekningartilvikum, þegar sjúklingur þarf á óvenju miklum tíma í leiðbeiningar að halda, umfram klíniska vinnu sem gjaldfærð er eftir öðrum gjaldnúmerum í sömu heimsókn.

002 Bráðahjálp. Útkall til að sinna sjúklingi, sem þarf á hjálp að halda vegna slyss eða álíka aðstæðna eða þegar tannlæknir notar óvenju mikinn tíma til að sinna bráðum vanda, umfram klíniska vinnu sem gjaldfærð er eftir öðrum gjaldnúmerum.

003 Skoðun nýs sjúklings. Fyrsta koma sjúklings. Sjúkrasaga skráð og ásigkomulag tyggingarfæra greint. Sjúklingur fræddur um ástand tanna, æskilega meðferð og áætlaðan kostnað. Endurgreiðist mest einu sinni fyrir hvern nýjan sjúkling tannlæknis. Gjaldliðurinn telst innifalinn í gjaldliðum 1003, 1006 og 1012, sbr. samning Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna um forvarnareftirlit, og greiðist hvorki samtímis þeim né á næstu tólf mánuðum eftir að einhver þeirra hefur verið greiddur af SÍ fyrir tryggðan einstakling.

004 Áfangaeftirlit. Sjúkrasaga uppfærð og ástand tyggingarfæra greint og skráð. Sjúklingur fræddur um ástand tanna, meðferð og áætlaðan kostnað. Endurgreiðist aðeins einu sinni á ári vegna almennra tannlækninga. Gjaldliðurinn telst innifalinn í gjaldliðum 1003, 1006 og 1012, sbr. samning Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna um forvarnareftirlit, og greiðist hvorki samtímis þeim né á næstu tólf mánuðum eftir að einhver þeirra hefur verið greiddur af SÍ fyrir tryggðan einstakling.

005 Tilvísun. Tilvísun á tannlækni, lækni/læknisfræðilegan aðila.

006 Umsókn eða áverkavottorð til Sjúkratrygginga Íslands. Áverkavottorð fyllt út fyrir slasaðan sjúkling eða umsókn fyllt út fyrir tryggðan sjúkling og sent SÍ.

007 Greinargerð að ósk SÍ. Greinargerð sem SÍ hefur óskað sérstaklega eftir um flókinn tannvanda tryggðs sjúklings. Endurgreiðist ekki vegna stuttra skýringa sem SÍ kann að óska eftir vegna reikningsfærslna tannlæknis.

011 Röntgenmynd. Smámyndir, aðrar en bitmyndir, svo sem periapical eða occlusal röntgenmyndir. Röntgenmyndir skal auðkenna með nafni og/eða kennitölu sjúklings ásamt tókudegi og varðveita varanlega. Greining, úrvinnsla og varanleg varðveisla innifalið. Röntgenmyndir við upphaf og lok meðferðar eru innifaldar í öllum liðum vegna rótfyllinga, krónu- og brúargerðar, tannplanta og upphafsmyndar vegna 510-536 og stoðtanna ásetugóma og parta í gjaldliðum 704, 711-713 og endurgreiðast því ekki með þeim (merkt R í skýringum viðkomandi gjaldliða). Endurgreiðist mest þrisvar sinnum á einu almanaksári. Gjaldliðurinn má nota fyrir stafrænar röntgenmyndir jafnt sem filmur og eru skilyrði um auðkenningar og varðveislu þeirra hin sömu. Eftirtaka og fjölföldun endurgreiðist ekki sérstaklega.

012 Röntgenbitmynd (Bite-Wing). Röntgenmyndir skal auðkenna með nafni og/eða kennitölu sjúklings ásamt tókudegi og varðveita varanlega. Greining, úrvinnsla og varanleg varðveisla innifalið. Endurgreiðist mest tvisvar sinnum á einu almanaksári. Gjaldliðurinn má nota fyrir stafrænar röntgenmyndir jafnt sem filmur og eru skilyrði um auðkenningar og varðveislu þeirra hin sömu. Eftirtaka og fjölföldun endurgreiðist ekki sérstaklega. Gjaldliðurinn telst innifalinn í gjaldlið 1012, sbr. samning Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna um forvarnareftirlit og greiðist hvorki samtímis honum né á næstu tólf mánuðum eftir að 1012 hefur verið greiddur fyrir tryggðan einstakling.

013 Heildarröntgen, 10 eða fleiri smámyndir. Heildarröntgenmyndataka af fullvöxnum einstaklingi í sérstakri áhættu. Mynda skal bæði tennt og tannlaus svæði. Endurgreiðist ekki með öðrum röntgenmyndum á sama ári og ekki oftár en á 3 ára fresti fyrir sama sjúkling. Eftirtaka og fjölföldun endurgreiðist ekki sérstaklega.

018 Röntgenstórmynd (OPG o.þ.h.). Stórmynd af höfuðbeinum. Handarröntgen endurgreiðist ekki. Segulómmyndir o.þ.h. greiðast ekki. Endurgreiðist mest einu sinni á ári. Endurgreiðist ekki með öðrum röntgenmyndum. Eftirtaka og fjölföldun endurgreiðist ekki sérstaklega.

024 Ljósmynd. Á filmu eða rafrænt. Ljósmyndir skal auðkenna með nafni og/eða kennitölu sjúklings ásamt tókudegi og varðveita varanlega. Greining, úrvinnsla og varanleg varðveisla innifalið. Eftirtaka og fjölföldun endurgreiðist ekki sérstaklega.

025 Vinnumódel. Tekið mát per góm. Gjaldliður notaður þegar módel er ekki innifalið í öðrum gjaldliðum.

030 Yfirborðsdeyfing, ein eða fleiri í sömu heimsókn.

031 Deyfing á tannsvæði einnar til þriggja tanna.

032 Svæðisdeyfing.

035 Glæðloft og sefjun með lyfjagjöf. Slæving sjúklinga með mikla tannlæknaþælni. Endurgreiðist aðeins einu sinni í hverri heimsókn og mest fjórum sinnum á einu ári. Endurgreiðist aðeins í undantekningartilvikum fyrir aðra en börn.

040 Atferlismeðferð. Tímafrekar fortölur sjúklinga með mikla tannlæknaþælni. Endurgreiðist, í undantekningartilvikum þegar sjúklingur þarf óvenju mikinn tíma fyrir fortölur eða aðlögun umfram klíniska vinnu sem gjaldfærð er eftir öðrum gjaldnúmerum. Endurgreiðist mest þrisvar á einu ári. Gjaldliðurinn telst innifalinn í

gjaldliðum 1003, 1006 og 1012, sbr. samning Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna um forvarnareftirlit, og greiðist ekki samtímis þeim.

052 Vefjasýni og aðrar rannsóknir. Vefjasýni úr mjúkvef eða beini, smitstrokur, munnvatnssýni og þvíumlíkt.

056 Munnvatnsmæling og rannsókn með greinargerð til SÍ. Munnvatnsmæling gerð til að staðfesta alvarlegan munnþurrk. Endurgreiðist aðeins viðurkenndum sérfræðingum í lyflæknisfræði munnhols eða sýklafræði.

060 Vitjun. Álag vegna vitjunar til óferðafærs sjúklings utan stofu.

Forvarnir.

Almennt. Farið er eftir klínískum leiðbeiningum frá landlæknisembættinu og SIGN varðandi flokkun einstaklinga í áhættuhópa vegna tannátu.

101 Bein fræðsla. Sjúklingur fræddur um ástand munnhols og leiðbeint um tannhirðu, lífsvenjur og fleira. Endurgreiðist mest einu sinni á ári. Gjaldliðurinn telst innifalinn í gjaldliðum 1003, 1006 og 1012, sbr. samning Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna um forvarnareftirlit, og greiðist ekki samtímis þeim.

104 Tannsteinshreinsun. Hreinsun á tannsteini bæði neðan og ofan tannholds. Bæði upphafsmeðferð flestra fullorðinna sjúklinga og viðhaldsmeðferð. Þússning á tönnum með hreinsikremi innifalinn. Endurgreiðist fyrir hvorn góm fyrir sig, mest tvisvar á ári.

107 Gómglera/lyfjahald. Plastglæra sem gerð er eftir afsteypu af tönnum sjúklings til að halda flúor- eða klórhexidínhlaupi á tönnum til að varna tannátu hjá einstaklingum í sérstakri áhættu vegna tannskemmda. Endurgreiðist fyrir hvorn góm fyrir sig, mest á 2 ára fresti.

110 Flúormeðferð barna. Báðir gómar, tannhreinsun innifalinn. Endurgreiðist mest einu sinni á ári. Endurgreiðist ekki með gjaldliðum 104, 112 eða 118.

112 Flúormeðferð einstakra tanna. Flúor borinn á einstakar tennur með byrjandi rótarskemmdir eða tannátu í meðferðarskyni. Endurgreiðist mest 5 sinnum á ári fyrir sama einstakling. Endurgreiðist ekki með gjaldliðum 110 og 118. Gjaldliðurinn telst innifalinn í gjaldliðum 1003, 1006 og 1012, sbr. samning Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna um forvarnareftirlit, og greiðist hvorki samtímis þeim né á næstu tólf mánuðum eftir að einhver þeirra hefur verið greiddur af SÍ fyrir trygðan einstakling.

115 Skorufylla fullorðinsbakjaxla. Skorur í tyggiflötum bakjaxla (sex ára- og tólf ára jaxla) fylltar í forvarnarskyni. Endurgreiðist hjá börnum í áhættu vegna tannátu sbr. almennar skýringar kaflans. Endurgreiðist ekki með fyllingu í sama flöt tannar eða ef fylling hefur verið sett í sama flöt tannar áður.

116 Skorufylla annarra tanna en fullorðinsbakjaxla. Skorur í tyggiflötum annarra tanna en fullorðinsbakjaxla fylltar í forvarnarskyni hjá börnum í sérstakri áhættu vegna tannátu. Endurgreiðist ekki með fyllingu í sama flöt tannar eða ef fylling hefur áður verið sett í sama flöt tannar.

118 Flúormeðferð áhættueinstaklinga. Tannhreinsun innifalinn. Flúor borinn á allar tennur einstaklinga í sérstakri áhættu vegna tannátu. Endurgreiðist mest einu sinni á ári. Endurgreiðist ekki með gjaldlið 110 eða 112.

Fyllingar.

Almennt. Endurgreiðsla SÍ miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið tannskurður, botnlag og aukabotnlag, sýruæting, bindiefni, ísetning, mótun, (ljós)hersla og lokafrágangur. Fylling endurgreiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því SÍ greiddi fyllingu eða skorufyllu í sama flöt tannar. Bráðabirgðafrágangur milli heimsókna innifalinn eftir þörfum. Fyllingar skal færa á númer tannar og flöt eða fleti skv. ISO-staðli 3950. Þótt fylling teygi sig af M-, O- eða D-fleti yfir á tungu- eða kinnarflöt tannar teljast þeir síðarnefndu ekki. Ekki er heldur heimilt að færa slíka „tungu“ á fyllingu sem sérstaka fyllingu.

201 Tannlit fylling, 1 flötur (Cl. I, III eða V) (M, B, D, O eða P).

212 Tannlit fylling, 2 fletir (MO eða DO) í aftari tennur eða Cl. IV í fremri tennur (M eða D).

213 Tannlit fylling, 3 fletir (MOD) í aftari tennur.

214 Tannlit fylling, 3 eða fleiri fletir í augn- eða framtönn.

231 Amalgamfylling, 1 flötur (Cl. I eða V) (M, O, D, B eða P).

232 Amalgamfylling, 2 fletir (MO eða DO).

233 Amalgamfylling, 3 eða fleiri fletir (MOD).

235 Amalgamkróna, 4 eða fleiri fletir.

245 Bráðabirgðafylling. Í þeim undantekningartilvikum sem ekki er hægt að setja varanlega fyllingu í sömu setu, vegna umfangs tannátu í munni (caries control) eða atferlis sjúklings. Er innifalið í verði gjaldliða vegna tannholsaðgerða.

250 Rýmishaldari. Notað eftir ótímabært tap barnatanna þegar veruleg hættu er á alvarlegri riðlun á biti vegna tanntapsins. Almennt ekki notað eftir 4-5 ára aldur fyrir framtennur og 7-8 ára aldur fyrir barnajaxla. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar.

251 Spelkun tanna. Ein eða fleiri lausar fullorðinstennur eru spelkaðar saman og/eða við nágrannatennur. Endurgreiðist mest einu sinni á hverjum tveimur árum fyrir sama svæði. Gjaldliðinn skal skrá á númer tanna/r.

257 Stífti. Staðlað stífti í rötargang eða í tannbein til festu fyrir viðgerð með tannfyllingarefnum.

258 Stál- eða plastkróna. Fylling undir krónu og tilskurður á tönn er innifalið. Meðal annars notað til þess að hindra ótímabært tap barnatanna þegar veruleg hættu er á alvarlegri riðlun á biti ef tönn tapast. Almennt ekki notað eftir 4-5 ára aldur fyrir framtennur og 7-8 ára aldur fyrir barnajaxla. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar.

R

260 Gúmmídúkur. settur til að einangra tönn eða tennur. Er innifalinn í verði gjaldliða vegna tannholsaðgerða.

Rótfyllingar.

Almennt. Endurgreiðsla sjúkratrygginga miðast við að í verði gjaldliða í floknum sé innifalið röntgenmyndir, deyfing, gúmmídúkur og bráðabirgðafylling milli heimsókna. Varðveita skal röntgenmyndir af tönn fyrir og eftir meðferð skv. gjaldliðum kafla 3. Gjaldliður 308 endurgreiðist mest þrisvar og gjaldliðir 315-317 mest tvisvar en aðrir gjaldliðir flokksins mest einu sinni fyrir hverja tönn.

301 Kvikupækja. Kvika sem orðið hefur fyrir skaða þakin með Ca(OH)_2 kvikupasta og gengið frá með bráðabirgðafyllingu.

306 Kvika barnatannar fjarlægð og felld (formocresolmeðferð). Endurgreiðist ekki með öðrum gjaldliðum fyrir rótfyllingar. Bráðabirgðafylling innifalín. **R**

308 Rótarendaörvun með Ca(OH)_2 . Endurgreiðist mest á 8 vikna fresti og mest þrisvar alls. **R**

311 Fyrsta úthreinsun rötur, 1 gangur, sérstök heimsókn. **R**

312 Fyrsta úthreinsun, 2 gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn. **R**

313 Fyrsta úthreinsun, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn. **R**

315 Útvíkkun á einum rötargangi, sérstök heimsókn. Endurgreiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn. **R**

316 Útvíkkun á 2 rötargöngum í sömu tönn, sérstök heimsókn. Endurgreiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn. **R**

317 Útvíkkun á 3 eða fleiri rötargöngum í sömu tönn, sérstök heimsókn. Endurgreiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn. **R**

319 Gömul rótfylling fjarlægð og tönn undirbúin fyrir rótfyllingu skv. gjaldliðum 320-322. **R**

320 Rótfylling, 1 gangur, sérstök heimsókn. **R**

321 Rótfylling, 2 gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn. **R**

322 Rótfylling, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn. **R**

325 Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 1 gangur. **R**

326 Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 2 gangar í sömu tönn. **R**

327 Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn. **R**

Tannvegslækningar.

Almennt. Endurgreiðsla sjúkratrygginga miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið deyfing, saumur, sáraumbúðir, saumataka og eftirmeðferð.

406 Djúphreinsun og rótarheflun tanna með djúpa poka, fjórðungur.

420 Flipaaðgerð m/án beinmótunar og sambærilegar aðgerðir, fjórðungur.

422 Flipaaðgerð við eina tönn og aðrar sambærilegar minniháttar aðgerðir

427 Tannholdsskurður, tannholdsmótun, fjórðungur munns.

428 Tannholdsskurður, tannholdsmótun, ein tönn.

453 Tannholdsgræðlingur.

457 Beinmótun.

Munn- og kjálkaskurðlækningar.

Almennt. Endurgreiðsla sjúkratrygginga miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið deyfing, saumur, sáraumbúðir, saumataka og eftirmeðferð. Í aðgerðarliðum 557 og 558 er öll vinna, efni og aðkeyptir plantahlutir innifalið, allt frá fyrstu skoðun sjúklings og umsókn til Sjúkratrygginga Íslands til þess er verki hefur verið skilað endanlega. Þegar gjaldliðum 510-536, 557 og 558 er beitt, skal varðveita röntgenmynd af viðkomandi tönn eða svæði fyrir og/eða eftir meðferð eftir því sem við á. Gjaldliði skal skrá á númer þeirra tanna eða svæða sem við á hverju sinni.

500 Hæg tönn dregin. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar.

501 Úrdráttur tannar með eðlilega beinfestu. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar.

502 Viðbótartönn í sama fjórðungi munns. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar.

510 Tönn fjarlægð með skurðaáðgerð. Skorið fyrir tönn og hún fjarlægð með eða án beinaðgerðar. Öll klínísk vinna tengd aðgerðinni er innifalin, þ.m.t. deyfing, saumur og eftirmeðferð. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar. Endajaxlataka í forvarnskyni endurgreiðist aðeins að undangenginni umsókn. **R**

524 Opnað inn á beinlæga tönn og tylla fest á hana v. tannréttunga. Öll klínísk vinna tengd aðgerðinni er innifalin, þ.m.t. deyfing, beinaðgerð, tylla, saumur og eftirmeðferð öll. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar. **R**

526 Rótarendaáðgerð (rótastytting). Skorið inn á rötarenda, ígerð hreinsuð og rót stytta. Öll klínísk vinna og eftirmeðferð tengd aðgerðinni er innifalin. **R**

528 Fylling í rötarenda samfara aðgerð 526. R

530 Endurfesta brottfallinnar tannar eða tanna. Tönn, sem fallið hefur úr stæði sínu, komið á sinn stað. Öll klínísk vinna tengd meðferðinni er innifalin, þ.m.t. deyfing, saumur, spelkun og eftirmeðferð önnur en hugsanleg síðari rótfylling. Gjaldliðinn skal skrá á númer tanna/r. **R**

536 Tannkími eða tönn plantað í nýtt tannstæði. Öll klínísk vinna tengd aðgerðinni er innifalin, þ.m.t. deyfing, beinaðgerð/ír, úrdráttur eða -drættir, saumur, spelkun og eftirmeðferð öll. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar á viðtökustæði. **R**

542 Skorið á tungu- eða vararhaft. Öll klínísk vinna tengd aðgerðinni er innifalin, þ.m.t. deyfing, saumur og eftirmeðferð. Skráist á svæði munns; 01 eða 02.

545 Beinaðgerð (torus- eða tuberaðgerð eða aðrar sambærilegar aðgerðir). Skráist á svæði munns; 10, 20, 30, 40, 01 eða 02.

555 Æxli hreinsað út.

557-558 Ísetning tannplanta. Innifalið er m.a. skoðun, greining, þ.m.t. röntgenmyndir, meðferðaráætlun, tilvísun, svör við tilvísun og önnur læknabréf, umsókn til Sjúkratrygginga Íslands, undirbúningur, mát, mátskeiðar, afsteypur, stýriskinnur, efni og vinna tannsmíðs, sóttvörn og skurðstofubúnaður, aðstoð við aðgerð, aðkeyptir plantahlutir og önnur efnisnotkun, einnota áhöld og slit á áhöldum, deyfing/slæving, skurðaáðgerð,

ísetning plantarótar og hugsanleg síðari kragaaðgerð, saumur og sáraumbúðir, plantahlutir, saumataka og önnur eftirmeðferð öll, aðlögun og eftirlit til fullra loka verks. Sjúkratryggingum er ekki heimilt að taka þátt í kostnaði við endurtekna plantameðferð nema í sérstökum undantekningartilvikum og að undangenginni umsókn.

557 Ísetning eins tannplanta. R

558 Ísetning viðbótar tannplanta. Notað með gjaldnúmeri 557 ef settir eru fleiri tannplantar í sama sjúkling í sömu setu. Endurgreiðist eftir fjölda tannplanta. **R**

570-571 Vefur saumaður. Gjaldnúmer notað þegar saumur er ekki innifalinn í öðrum gjaldliðum.

576 Meðferð fyrir og eftir kjálkafærslu. Endurgreiðist eingöngu viðurkenndum sérfræðingum í munn- og kjálkaskurðlækningum að undangenginni samþykkt á umsókn.

580 Stungið á kýli.

Krónu- og brúargerð.

Almennt. Endurgreiðsla sjúkratrygginga miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið tannsmíði, efni, sendingarkostnaður og annað, til fullra loka verksins. Gjaldliði skal skrá á númer tannar. Endurgreiðist aðeins að undangenginni umsókn.

614 Gull- eða postulínskróna, innlegg eða hlutakróna. R

632 Steypt rótarstifti án smellufestinga undir ásetugóm. R

634 Steypt rótarstifti með smellufestingum undir ásetugóm. R

650 Uppbygging undir krónu. Köstuð málmuppbygging eftir máti af rôtargöngum viðkomandi tannar. Aðrar tegundir uppbygginga greiðast ekki eftir þessum gjaldlið. **R**

655 Milliliður eða svifliður. R

660 Ætufest, steypt (bráðabirgða)brú. Ein eða, í undantekningartilvikum, tvær kastaðar gervitennur festar með vængjum á ótilskornar aðliggjandi tennur. Einkum notað þegar ekki er ráðlegt að skera til aðliggjandi tennur. **R**

680 Plantakróna. R

Heilgóma- og partagerð.

Almennt. Endurgreiðsla sjúkratrygginga miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið tannsmíði, efni, sendingarkostnaður og annað, til fullra loka verksins. Gjaldliði, aðra en 702 og 716, skal skrá á númer svæðis; 01 eða 02. Smíði samkvæmt gjaldliðum 701–704, 713, 715 og 716 endurgreiðist mest á sex ára fresti í sama góm og fóðrun og bráðabirgðapartar mest á þriggja ára fresti.

701 Stakur heilgómur.

702 Heilgómasett.

703 Sárágómur.

704 Ásetugómur. R

711 Bráðabirgðapartur með 1-6 tönnum. R

712 Bráðabirgðapartur með 7-12 tönnum. R

713 Stálpartur með einni eða fleiri tönnum. R

715 Heilgómur á tannplanta.

716 Heilgómasett á tannplanta í báðum gómum.

721 Fóðrun góms eða parts (relining).

722 Fóðrun góms eða parts (rebasing).

723 Bráðabirgðafóðrun góms.

729 Stækkun á plastparti um eina eða fleiri tennur.

731 Stækkun á stálparti um eina eða fleiri tennur.

733 Varanleg mjúkfóðrun.

736 Viðgerð á stálparti.

740 Fóðrun plantagóms.

742 Laus tanngervi merkt með kennitölu.

744 Lagfæringar á lausum tanngervum úr plasti vegna særinda í slímhúð. Aðeins greitt ef meira en 1 ár er síðan tanngervi var smíðað. Endurgreiðist mest þrisvar á ári.

760 Viðgerð á lausum tanngervum úr plasti.

Tannréttingar.

Almennt. Verkstæðiskostnaður er innifalinn í verði gjaldnúmera **801-888**.

Bitlækningar og bittæki.

Almennt. Endurgreiðsla sjúkratrygginga miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið tannsmíði, efni, sendingarkostnaður og annað, til fullra loka verksins. Gjaldliði, aðra en 926, skal skrá á númer svæðis; 01 eða 02. Íþróttahlífarskinnur o.þ.h. greiðast ekki samkvæmt gjaldliðum flokksins.

921 Gnístursplata, bithækkunarplata.

922 Hörð bitspelka. Endurgreiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

923 Mjúk bithlíf.

926 Bitslípun.

932 Þvingunarbits- eða krossbitsplata. Meðferðinni er ætlað að leiðrétta einfalda bitskekkju og koma í veg fyrir þörf fyrir tannréttingar síðar. Meðferðin er því ekki upphaf tannréttinga. Endurgreiðist aðeins á tannskiptaaldri og mest einu sinni fyrir hvern einstakling. Innifalin er aðlögun á meðan á meðferð stendur.

x90 Meðferð, ekki talin annars staðar, skv. umsókn. Í sérhverjum flokki gjaldskrárinnar er eitt gjaldnúmer sem notað er fyrir meðferð, sem ekki verður með góðu móti felld undir aðra gjaldliði, þegar Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt greiðsluþátttöku að undangenginni umsókn.

7. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða, að hluta eða öllu leyti, kostnað vegna þeirra tannréttinga sem falla undir V. kafla reglugerðar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar. Endurgreiðslan skal vera í formi styrks og skal hann greiddur í tvennu eða þrennu lagi að lokinni ísetningu fastra tækja, sbr. 2. mgr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða 100.000 kr., samkvæmt stafliðum a. og b., vegna tannréttingar sem krefst meðferðar með föstum tækjum í annan góminn en 150.000 kr. samkvæmt stafliðum a. og c. vegna tannréttingar sem krefst meðferðar með föstum tækjum í báða góma:

- a. 50.000 kr. þegar meðferð er hafin.
- b. 50.000 kr. að meðferð lokinni.
- c. 100.000 kr. að meðferð lokinni. Taki meðferð lengri tíma en 12 mánuði er þó heimilt að skipta greiðslunni í tvennt og greiða 50.000 kr. að 12 mánuðum liðnum og 50.000 kr. að meðferð lokinni.

Skilyrði fyrir greiðslu Sjúkratrygginga Íslands er að sérfræðingur í tannréttingum hafi sent Sjúkratryggingum Íslands staðfestingu á því að meðferð með föstum tækjum sé hafin og að framvísað sé reikningum sérfræðings í tannréttingum vegna viðkomandi meðferðar sem eru jafnháir eða hærri en samsvarar endurgreiðslum samkvæmt þessari grein.

Á reikningi (greiðslukvittun) skulu koma fram eftirtalin gjaldnúmer og heiti verks:

Gjaldnúmer	Heiti verks/Skýringar á greiðslutilhögun	Verð (kr.)
809	Tannrétting / Föst tæki í annan tannbogann.	
	Að lokinni uppsetningu fastra tækja	50.000
	Að loknu brotnámi fastra tækja	50.000
	Samtals	100.000
810	Tannrétting / Föst tæki í báða tannbogana.	
	Að lokinni uppsetningu fastra tækja	50.000
	Tólf mánuðum síðar	50.000
	Að loknu brotnámi fastra tækja	50.000
	Samtals	150.000

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og reglugerð nr. 698/2010, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar, **öðlast gildi 1. janúar 2012 og gildir til 31. desember 2012.** Við gildistöku gjaldskrár þessarar fellur úr gildi gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannréttingar, nr. 259/2010.

Sjúkratryggingum Íslands, 9. september 2010.

Steingrímur Ari Arason.

Kristján Guðjónsson.